



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Nefnd samkvæmt ályktun Alþingis til
aðgangs að opinberum gögnum um
öryggismál
Páll Hreinsson
Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg
150 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 19. janúar 2007

UTN06100171/04.X.003; 76.A.004; 76.A.027
GMS

Svar við fyrirspurnum nefndar skv. lögum nr. 127/2006.

Vísað er til bréfa yðar, dags. 17. október 2006, þar sem óskað er eftir upplýsingum um gögn er snerta öryggismál Íslands, innra og ytri öryggi, á árunum 1945-1991.

Það er afstaða utanríkisráðuneytisins að veita beri almenningi og fræðimönnum fullan aðgang að skjölum sem fjalla um öryggis- og varnarmál, standi ákvæði gildandi laga og þeirra þjóðréttarsamninga sem Ísland hefur gengist á annað borð ekki í vegi fyrir slíkum aðgangi. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki undir höndum lista yfir öll þau mál sem hafa að geyma upplýsingar er snerta öryggismál Íslands á umræddu tímabili, enda eru skjöl ráðuneytisins frá þessu tímabili mikil að vöxtum og má ætla að talsverður hluti þeirra snerti öryggismál Íslands. Til að varpa ljósi á umfang þeirra gagna sem ráðuneytið hefur í vörslum sínum og gætu varðað öryggismál Íslands má nefna að þau skjöl sem geymd eru í hinu almenna skjalasafna ráðuneytisins frá þessu tímabili nema um 800 hillumetrum og skjöl frá þessu tímabili í skjalasafn varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins (sem er aðskilið hinu almenna skjalasafni) nema um 50 hillumetrum.

Áætlað er að framkvæmd könnunar á öllum skjölum ráðuneytisins frá þessum tíma og vinna við að gera þau aðgengileg myndi kosta u.þ.b. þrjú ársverk. Eru þá ótalin þau skjöl sem er að finna í skjalasöfnum sendiráða, fastanefnda og aðalræðisskrifstofa Íslands frá þessu tímabili en þau nema um 500 hillumetrum. Aðeins hluti þeirra skjala er nú á Þjóðskjalasafni, ráðuneytið hefur lokið að pakka og skrá stóran hluta þessara skjala til viðbótar og bíða þau þess að Þjóðskjalasafnið geti tekið við þeim en enn á eftir að skrá hluta þessa safns. Ráðuneytið er hins vegar fyllilega reiðubúið til þess að veita yður, eða þeim sem þér kjósið að tilnefna, fullan aðgang að skjalasafni ráðuneytisins. Ennfremur er ráðuneytið reiðubúið til að annast millgöngu um að afla nauðsynlegrar öryggisvottunar frá Atlantshafsbandalaginu vegna aðgangs að gögnum sem aðgangur er takmarkaður að samkvæmt reglum þess.

Meðfylgjandi eru umbeðnar reglur og helstu þjóðréttarsamningar Atlantshafsbandalagsins sem gilda um aðgang að skjölum þess. Rétt er að geta þess að ráðuneytið hyggst birta framangreindar reglur á vefsíðu þess innan skamms.

Að síðustu skal beðist velvirðingar á því að ekki náðist að svara nefndinni innan tilskilinna tímamarka. Töf á afgreiðslu málsins stafar af umfangi þess auk þess sem aflu þurfti upplýsinga frá NATO varðandi heimildir til að gera eintök öryggisreglna aðgengilegar almenningi.

F.r.